

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/446**  
**komudagur 25.11.2011**

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssona  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 25. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009 (229.mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á reglum um hæfisskilyrði laga um Bankasýslu ríkisins.*

Viðskiptaráð Íslands tekur undir með þeim markmiðum sem felast í ofangreindu frumvarpi, að hert verði ákvæði í lögum um Bankasýslu ríkisins sem kveða á um hæfisskilyrði stjórnarmanna og forstjóra. Undanfarin misseri hafa verið gerðar breytingar á þeim hæfisskilyrðum stjórnarmanna er koma fram í nokkrum lagabálkum, m.a. í [lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002](#) og [lögum um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010](#). Ráðið ítrekar þá afstöðu sína er kom fram í umsögnum ráðsins vegna breytinga á fyrrgreindum lögum, að mikilvægt er að samræmis sé gætt í hæfisskilyrðum stjórnarmanna eins og því verður við komið.

Í greinargerð með ofangreindu frumvarpi kemur fram að miðað hafi verið við þær breytingar sem gerðar voru á hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki við gerð frumvarpsins. Þrátt fyrir það verður að gera nokkrar athugasemdir þar sem út af hefur verið brugðið.

**1. mgr.**

Athugasemd verður að gera við að ekki er heimiluð undanþágu frá menntunarkröfu þegar kemur að hæfisskilyrðum. Sambærilegt ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki kveður á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að veita undanþágu frá kröfu um háskólapróf á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Eðlilegt væri að slík heimild væri til staðar hér líka. Ekki er ástæða að útiloka með þessum hætti aðkomu reynslumikilla stjórnarmanna sem geta lagt mikilvægar þekkingu og reynslu að mörkum á þeim forsendum einum að ekki sé til staðar háskólapróf. Ástæða er því til að kveða á um sambærilega undanþágu í lögum um Bankasýslu ríkisins.

*Viðskiptaráð leggur til að eftirfarandi undanþágu verði bætt við 1. mgr. 6. gr. laganna og 1. gr. frumvarpsins: Ráðherra getur veitt undanþágu frá menntunarkröfu skv. 1. másl. á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi.*

**3. mgr.**

Þegar reglum laga um fjármálafyrirtæki um hæfisskilyrði var breytt með [lögum nr.75/2010](#) var sambærilegt ákvæði sett í lögina og kemur fram í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Því var hins vegar breytt með [lögum nr. 119/2011](#) í ljósi þess hversu víðtækt bann ákvæðisins var, sérstaklega þegar kom að lögmonnum. Eðlilegra væri því að breyta ákvæði ofangreinds frumvarps í samræmi við hvernig fyrrgreindu ákvæði var breytt, ekki ástæða til að miða við ákvæði sem var síðar breytt vegna óframkvæmanleika.

*Viðskiptaráð leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 3. mgr.: Stjórnarmenn og forstjóri skulu ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar aðila sem eru eftirlitsskyldir skv. 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn og forstjóri mega ekki sinna lögmánsstörfum fyrir eftirlitsskyldan aðila.*

**5. mgr.**

Í 5. mgr. 1. gr. ofangreinds frumvarps kemur fram takmörkun er varðar háttsemi stjórnarmanna og forstjóra. Fyrri málsliður ákvæðisins er í samræmi við sambærilegt ákvæði laga um fjármálafyrirtæki. Hins vegar kemur fram í öðrum málslið: *við mat á hæfni þeirra skal horft til orðspors þeirra úr atvinnulífinu og/eða stjórnsýslu.* Að mati undirritaðrar felst ákveðinn ómöguleiki í þessu, ekki verður metið með hlutlausum hætti hvernig orðspor er né heldur hægt að lesa úr þessu hvernig viðmiðun skuli háttáð þegar slíkt er gert. Um alltof matskennda reglu er að ræða sem fer út fyrir öll sanngirnissjónarmið og tryggir ekki gagnsæi í vinnubrögðum.

*Viðskiptaráð leggur til að 2. másl. 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins verði felldur brott.*

***Viðskiptaráð Íslands leggur til að ofangreint frumvarp nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.***

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands